

## **Reglur um frístundarheimili í Flóahreppi**

### **1. gr. Almennt**

Frístundarheimili er rekið fyrir börn í 1.-4. bekk í Flóaskóla, Flóahreppi. Skilyrði fyrir vistun er að nemandi eigi lögheimili í Flóahreppi eða stundi nám við Flóaskóla samkvæmt samkomulagi þar um.

Hlutverk frístundar er að mæta þörfum fjölskyldna í sveitarfélaginu og skapa yngstu nemendum grunnskólanna tryggan samverustað eftir að skóla lýkur.

### **2. gr. Starfsmenn**

Við frístund er starfsmaður sem sér um daglegan rekstur og umsjón barna en yfirmaður er skólastjóri Flóaskóla. Miðað er við að ávallt séu tveir starfsmenn við störf í frístund.

### **3.gr. Opnunartími**

Frístund opnar annan mánudag í ágúst ár hvert með fyrirvara um lágmarksfjölda (6 börn). Frístund er opin eftir að hefðbundnum skóladegi lýkur til kl. 16:30 alla þá daga skólaársins sem kennsla er í Flóaskóla. Lokað er í vetrarfríi skólans og þegar haustþing kennara er haldið. Opnun fyrir skólabyrjun og á starfsdögum er kl. 8:00-16:30. Á skertum dögum er opið frá kl. 12:30.

Foreldrum/forráðamönnum ber skylda að láta vita ef forföll eru hjá barni í frístund.

### **4. gr. Innritun**

Umsókn um vistun í frístund skal skila til umsjónarmanns frístundar Flóaskóla fyrir 1. júní vegna komandi skólaárs.

Ef breyta á vistun hjá börnum skulu breytingar berast fyrir 15. hvers mánaðar og tekur það gildi um næstu mánaðarmót á eftir.

Sækja þarf sérstaklega um dvöl í frístund á starfsdögum skólans. Dvöl á þeim dögum er í boði fyrir þau börn sem eiga skráða dvöl á viðkomandi vikudegi.

### **5.gr. Dvalargjald**

Greiða þarf fyrir dvalartíma sem pantaður hefur verið, óháð því hvort barnið mætir eða ekki. Greiða þarf gjald fyrir hvern dag samkvæmt gjaldskrá. Innifalið í verði er hressing.

Í frístund fyrir skólasetningu og á starfsdögum Flóaskóla er boðið upp á morgunávexti, léttan hádegisverð og síðdegishressingu og greitt er sérstaklega fyrir vistun þessa daga samkvæmt gjaldskrá.

Veittur er 25% systkinaafsláttur.

Uppgjör dvalargjalds fer fram mánaðarlega og greiðsluseðillinn birtist í heimabanka.

**6. gr.**  
**Gildistaka - endurskoðun**

Reglur þessar taka gildi við staðfestingu sveitarstjórnar Flóahrepps.

Reglur þessar skulu endurskoðaðar á tveggja ára fresti.

Samþykkt á 211. fundi sveitarstjórnar Flóahrepps dags. 7. nóvember 2018.

Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri